



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní 2013

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrri helming ársins 2013 liggur nú fyrir. Staða handbærs fjár frá rekstri batnaði miðað við sama tímabil 2012 og var neikvætt um 12,4 ma.kr. en var neikvætt um 19,2 ma.kr. 2012. Tekjur jukust um 8,3 ma.kr. milli ára og gjöld um 8,3 ma.kr. Viðskiptahreyfingar höfðu jákvæð áhrif á handbært fé um 4,2 ma.kr. á móti neikvæðum áhrifum 2012 um 2,5 ma.kr. Þessi útkoma er betri en áætlað var þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé yrði neikvætt um 25,8 ma.kr. sem skýrist að mestu með því að dreifing útgjalda innan ársins reyndist önnur en gert hafði verið ráð fyrir.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-júní 2013 (m.kr.)

	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>
Innheimtar tekjur	204.794	232.456	214.147	251.944	260.242
Greidd gjöld	258.552	261.644	249.140	268.568	276.912
Tekjujöfnuður	-53.758	-29.189	-34.993	-16.624	-16.670
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	7.301	-7.338	5.309	-2.573	4.240
Handbært fé frá rekstri	-46.457	-36.527	-29.684	-19.197	-12.430
Fjármunahreyfingar	1.209	-34.774	56.628	-8.045	-19.976
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-45.248	-71.301	26.944	-27.242	-32.406
Afborganir lána	-72.060	-135.516	-72.771	-164.643	-88.136
Innanlands	-72.060	-72.040	-1.920	-9.522	-85.664
Erlendis	0	-63.476	-70.851	-155.121	-2.471
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-117.308	-206.817	-45.827	-191.885	-120.542
Lántökur	123.934	235.004	171.222	173.753	45.650
Innanlands	116.585	101.868	43.092	42.208	60.765
Erlendis	7.349	133.136	128.130	131.545	-15.115
Breyting á handbæru fé	6.626	28.187	125.395	-18.132	-74.892

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 260,2 ma.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins sem er 3,3% aukning frá sama tímabili í fyrra. Niðurstaða tímabilsins er 0,4 ma.kr. eða 0,2% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Af innheimtum tekjum á fyrri helmingi ársins voru skatttekjur og tryggingagjöld samtals 235,4 ma.kr. sem er 2,6% meira en fyrir ári síðan en 5,7 ma.kr. undir tekjuáætlun.

Tekjuskattur einstaklinga nam 57,9 ma.kr. sem er 6,1% aukning á milli ára og er innheimta hans tæplega 3% yfir áætlun. Tekjuskattur lögaðila dróst saman um 11% á milli ára og nam 13,9 ma.kr. sem er 17,7% yfir áætlun. Samdrátt í tekjuskatti lögaðila á milli ára má rekja til þess að sama tímabili fyrra innheimtust greiðslur frá fyrirtækjum sem tengdust álagningum tekjuskatts fyrra ára. Innheimtur fjármagnstekjuskattur á fyrri helmingi ársins er 18,1 ma.kr. sem er 0,8% undir áætlun. Fjármagnstekjuskattur jókst um 13% frá sama tímabili í fyrra.



Tekjur ríkissjóðs janúar-júní 2011-2013

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2011	2012	2013	2011	2012	2013
Skatttekjur og tryggingagjöld	198.138	229.310	235.370	1,1	15,7	2,6
Skattar á tekjur og hagnað	74.584	86.169	89.899	0,0	15,5	4,3
Tekjuskattur einstaklinga	46.657	54.537	57.889	-2,5	16,9	6,1
Tekjuskattur lögaðila	6.939	15.590	13.880	14,2	124,7	-11,0
Skattur á fjármagnstekjur	20.988	16.042	18.130	1,6	-23,6	13,0
Eignarskattar	2.089	5.911	5.397	-0,2	183,0	-8,7
Skattar á vöru og þjónustu	85.196	98.768	100.525	-0,6	15,9	1,8
Virðisaukaskattur	56.123	65.362	66.753	-4,2	16,5	2,1
Vörugjöld af ökutækjum	1.279	2.144	2.450	69,7	67,6	14,3
Vörugjöld af bensíni	5.339	5.668	5.398	12,1	6,2	-4,8
Skattar á olíu	2.799	3.012	3.047	0,2	7,6	1,2
Áfengisgjald og tóbaksgjald	7.130	7.727	8.006	2,4	8,4	3,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	12.527	14.855	14.871	5,9	18,6	0,1
Tollar og aðflutningsgjöld	3.230	3.536	2.778	9,9	9,5	-21,4
Aðrir skattar	1.823	3.029	3.696	1,0	66,2	22,0
Tryggingagjöld	31.217	31.897	33.075	7,9	2,2	3,7
Fjárframlög	485	538	82	56,2	10,9	-84,7
Aðrar tekjur	15.434	20.882	24.192	-7,4	35,3	15,9
Sala eigna	192	1.214	598	-	-	-
Tekjur alls	214.249	251.944	260.242	-7,8	17,6	3,3

Eignarskattar drógust saman um 8,7% á milli ára og námu samtals 5,4 ma.kr. sem er 10,7% undir áætlun. Þar af nam auðlegðarskattur 2,3 ma.kr. sem er tæplega 15% undir áætlun og stimpilgjöld 1,9 ma.kr. sem er 1,9% undir áætlun. Frávik eignarskatta frá áætlun skýrist því að mestu leyti af minni innheimtu auðlegðarskatts en gert hafði verið ráð fyrir. Auðlegðarskattur jókst um 16,3% á milli ára og stimpilgjöld jukust um 20,0%. Erfðafjárskattur skilaði 0,9 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. undir áætlun. Tryggingagjöld námu 33,1 ma.kr. á fyrri helmingi ársins sem er 3,7% aukning frá því í fyrra en 1,3 ma.kr. undir áætlun.

Skattar á vöru og þjónustu eru 5,4 ma.kr. eða 5,1% undir tekjuáætlun og námu samtals 100,5 ma.kr. sem er aukning um 1,8% frá sama tímabili í fyrra. Virðisaukaskattur vegur þýngst meðal veltuskatta en hann nam 66,8 ma.kr. á tímabilinu og er það aukning um 2,1% frá því í fyrra. Virðisaukaskattur er 3,7 ma.kr. eða 5,2% undir áætlun. Reiknað er með að þetta neikvæða frávik lækki eitthvað á síðari hluti ársins en engu að síður er ljóst að fjárlagaáætlun 2013 um tekjur af virðisaukaskatti er of há og verður hún því lækkuð í fjárlagagögum. Almenn vörugjöld námu 2,6 ma.kr. sem er 0,7 ma.kr. eða 21,4% undir áætlun. Innheimta vörugjalda af ökutækjum jókst um 14,3% á milli ára og námu þau 2,5 ma.kr. en það er 7,3% yfir áætlun. Innheimta vörugjalda af bensíni er hins vegar 7,0% undir áætlun og nam 5,4 ma.kr. en það er 4,8% samdráttur frá því í fyrra. Olíugjöld jukust um 1,2% á milli ára og námu 3,0 ma.kr. sem í takt við áætlun. Bifreiðagjaldið skilaði 3,1 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun



Tekjur af tóbaksgjaldi jukust um 11,5% frá því í fyrra og námu 2,8 ma.kr. sem er tæplega 10% undir tekjuáætlun. Tekjur af áfengisgjaldi breyttust lítið á milli ára og námu 5,2 ma.kr. á fyrri helmingi þessa árs sem er 0,1 ma.kr. undir áætlun. Tölur um tóbakssölu á fyrstu sex mánuðum ársins sýna töluverðan samdrátt í sölu sígarettna, vindla og neftóbaks en nokkra aukningu í sölu reyktóbaks. Sala á áfengi hefur dregist lítillega saman miðað við sama tímabil í fyrra eða um 1,3% (mælt í vínanda).

Aðrar tekjur á tímabilinu námu 24,2 ma.kr. en það er 6,3 ma.kr. yfir tekjuáætlun og 15,9% aukning frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu arðgreiðslur 4,0 ma.kr. á tímabilinu sem er 3,9 ma.kr. yfir tekjuáætlun fjárlaga og skýrist af því að hluti teknanna innheimtist fyrr á árinu en gert hafði verið ráð fyrir. Frávikið mun þó að öllum líkindum minnka á síðari helmingi ársins. Tekjur af veiðigjöldum námu 7,1 ma.kr. sem er 1,3 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga. Þar af námu tekjur af almennu veiðigjaldi 2,5 ma.kr. og því sérstaka 4,6 ma.kr.

Greidd gjöld námu 276,9 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 8,3 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 3,1%. Greidd gjöld voru tæpa 9 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða 3,1% sem skýrist að stórum hluta með flutningi ónýtttra fjárheimilda frá fyrra ári. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní 2011-2013

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2011	2012	2013	2012	2013
Almenn opinber þjónusta	59.176	68.581	69.626	15,9	1,5
Þar af vaxtagreiðslur	36.993	45.425	45.327	22,8	-0,2
Varnarmál	649	412	473	-36,5	14,9
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	8.880	10.436	10.889	17,5	4,3
Efnahags- og atvinnumál	23.641	24.982	25.302	5,7	1,3
Umhverfisvernd	2.207	2.408	2.388	9,1	-0,8
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	234	113	337	-51,7	197,9
Heilbrigðismál	55.318	58.895	63.163	6,5	7,2
Menningar-, íþróttar- og trúmál	8.283	8.436	9.217	1,8	9,3
Menntamál	26.180	27.408	29.003	4,7	5,8
Almannatryggingar og velferðarmál	59.473	60.590	60.134	1,9	-0,8
Óregluleg útgjöld	5.098	6.306	6.379	23,7	1,2
Gjöld alls	249.140	268.568	276.912	7,8	3,1

Vaxtagjöld ríkissjóðs námu 45,3 ma.kr. sem var nánast það sama og á síðasta ári og var að mestu í samræmi við áætlanir. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 8,3 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára sem var í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 16 ma.kr. og jukust um 1 ma.kr. á milli ára en voru 2,3 ma.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála námu 60,1 ma.kr. á tímabilinu og drógust lítillega saman milli ára og voru lítillega innan heimilda. Útgjöld vegna lífeyrstrygginga jukust um 2 ma.kr. milli ára og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 370 m.kr. Þá voru



greiddar barnabætur tæpum 1,3 ma.kr. hærri en á sama tímabili 2012 og útgjöld Fæðingaorlofssjóðs tæpum 300 m.kr. hærri en 2012 sem var innan heimilda. Þá er búið að greiða út samningsbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn að upphæð 513 m.kr. sem ekki hafði verið gert ráð fyrir á þessu tímabili nema að litlu leyti. Á móti þessu drógust útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs saman milli ára um 2 ma.kr. og greiddar vaxtabætur voru 2,7 ma.kr. lægri en á fyrra ári sem skýrist með sérstökum vaxtaniðurgreiðslum sem greiddar voru út á árinu 2012 en ekki 2013.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 63,2 ma.kr. og jukust um 4,3 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 2,5 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Sjúkratrygginga námu 15,5 ma.kr. og jukust um tæpan 1 ma.kr. milli ára og voru 1,2 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri námu 22,5 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1,7 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 1,6 ma.kr. umfram heimildir sem skýrist að mestu með flutningi á eldri halla á milli ára. Greiðslur til hjúkrunarheimila námu 9,8 ma.kr. á tímabilinu sem var í samræmi við áætlanir og útgjöld heilbrigðisstofnana námu 7,4 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust lítillega á milli ára og námu 25,3 ma.kr. Þá voru þau 5,3 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að stórum hluta með afgangi ýmissa sjóða og safnliða og flutningi á ónýttum fjárheimildum frá fyrra ári. Útgjöld til menntamála námu um 29 ma.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins og voru 1,6 ma.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra þrátt fyrir að vera 2,3 ma.kr. innan heimilda. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna námu 8 ma.kr. og jukust lítillega milli ára og voru innan heimilda. Útgjöld Háskóla Íslands námu 5,5 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning milli ára um 1 ma.kr. en innan þess sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til framhaldsskóla námu 10,8 ma.kr. og voru 345 m.kr. hærri en á sama tímabili 2012 en 738 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til menningar- íþróttar og trúmála námu 9,2 ma.kr. á tímabilinu og jukust milli ára um 781 m.kr. en voru 640 m.kr. innan fjárheimilda.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála námu tæpum 11 ma.kr. og jukust um 454 m.kr. milli ára sem var í samræmi við áætlanir. Aukningin milli ára skýrist að mestu með greiðslum vegna Schengen samstarfs sem reyndust hærri en gert hafði verið ráð fyrir og aukast um rúmar 113 m.kr. milli ára og útgjöldum Rannsóknarnefnda Alþingis sem aukast um 112 m.kr. milli ára og eru jafnframt um 164 m.kr. umfram heimildir. Útgjöld til umhverfisverndar námu tæpum 2,4 ma.kr. á tímabilinu og eru svipuð í ár og á sama tíma í fyrra. Útgjöldin voru rúmum 1 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að mestu með 216 m.kr. afgangi af fjárheimildum Úrvinnslusjóðs og 301 m.kr. afgangi Endurvinnslunnar hf. Útgjöld til varnarmála námu 473 m.kr. á tímabilinu og jukust um 61 m.kr. á milli ára en voru 267 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála námu 337 m.kr. og jukust milli ára um 224 m.kr. sem var í samræmi við áætlanir. Aukningin skýrist með útgjöldum vegna leiguíbúða að fjárhæð 220 m.kr. umfram það sem greitt var 2012. Óregluleg útgjöld námu 6,4 ma.kr. og jukust lítillega milli ára en voru jafnframt 1,3 ma.kr. umfram fjárheimildir. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga aukast um 335 m.kr. milli ára sem er 496 m.kr. umfram heimildir og greiddur fjármagnstekjuskattur dróst saman um 204 m.kr. milli ára en var 800 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir.



Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður ársins var neikvæður um 32,4 milljarða króna eftir fyrstu 6 mánuði ársins en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 27,2 ma.kr. Í ár kom til greiðslu eiginfjárframlags til Íbúðalánasjóðs að fjárhæð 13 ma.kr.

Afborganir af innlendum lánnum ríkissjóðs námu á sama tíma 85,7 milljörðum króna. Þar af eru 83 milljarðar króna vegna ríkisbréfa á gjalddaga.

Greiddar voru erlendar afborganir í mars sl. fyrir að jafnvirði 2,5 milljarða króna.

Á fyrstu sex mánuðum ársins gaf ríkissjóður út skuldabréf á innlendum markaði fyrir um 60,8 milljarða króna. Útgáfa óverðtryggðra ríkisbréfa nam 55,2 ma.kr. og útgáfa verðtryggðra ríkisbréfa nam 19,3 ma.kr. Þar af er útgáfa ríkissjóðs vegna eiginfjárukningar Íbúðalánasjóðs 13 ma.kr. Staða ríkisvixla hefur á móti lækkað um 14 ma.kr. frá áramótum. Önnur útgáfa nemur 0,3 ma.kr.

Endurmat gjaldeyrisreikninga var neikvætt um 15,1 ma.kr. í lok júní vegna styrkingar krónu frá áramótum.